

## Lýðveldisganga Ferðafélags Íslands.

### 1 áfangi: Bessastaðir-Hraunsholtslækur.

**Á** undanförunum árum hefur Ferðafélag Íslands lagt aukna áherslu á stuttar gönguferðir, sem henta öllum sæmilega göngu-færum mönnum, og ekki síst fjölskyldum. Er leiðin jafnan höfð stutt, og gönguhraða stillt í hóf. Gefst þá tími til að huga að ýmsum fyrirbærum náttúrunnar auk þess sem talið berst jafnan að sögu-legum atburðum, sem tengjast göngusvæðinu og þykja forvitnilegir.

**Á** komandi sumri er ætlun félagsins að ganga hina fornu leið frá Bessastöðum til þingvalla í átta áföngum, leiðina sem valds-menn konungs riðu ár hvert til að birta landsmönnum tilskipanir konungs, dóma Hæstaréttar og önnur fyrirmæli valdsmannanna í Kaupmannahöfn. Það fer vel að minnast sögunnar með þessum hætti á árinu sem Íslendingar minnast 50 ára afmælis lýðveldisins. Fyrsti áfangi leiðarinnar verður genginn sunnudaginn 17. apríl og lagt af stað kl.13.00.

**Forsetasetrið** að Bessastöðum sést víða að. Það stendur á fornri jökulruðningsöldu, sem liggur eftir Bessastaðanesi allt til Skerjafjarðar. Kallast aldan Grandi (Bessastaðagrandi) og liggur heimreiðin að bænum eftir henni endilangri. Bessastaðatjörn liggur norðan við bæinn en Lambhúsatjörn að sunnan.

**Gangan** hefst á hlaðinu á Bessastöðum. Hefur staðurinn frá öndverðu verið talin ein kostamesta bújörð landsins. Fyrst eru Bessastaðir nefndur í Sturlungu því þar átti Snorri Sturluson eitt af búum sínum en eftir víg Snorra árið 1241 mun konungur hafa kastað eign sinni á jörðina með öllum gögnum og gæðum. Um miðja 14. öld er talið að umboðsmaður konungs (sem í aldanna rás var fyrst nefndur hirðstjóri, síðar höfuðsmaður, fógeti eða amtmaður), hafi búið á Bessastöðum og þar bjuggu þessir valdsmenn allt til 1804, er þáverandi amtmaður settist að í Reykjavík. Frá 1805 til 1846 var þar eini lærði skóli landsins, og aðsetur þjóðhöfðinga landsins frá 1941 til þessa dags. (Ríkisstjórinn Sveinn Björnsson, sat staðinn á árunum 1941-1944).

**Eftir** að hafa litast um á hlaðinu á Bessastöðum og meðtekið margskonar fróðleik frá stjórnendum göngunnar verður gengið til baka austur fyrir Lambhúsatjörn. Stór, stakur steinn, stendur skammt frá heimreiðinni. Heitir hann Grásteinn og er álagasteinn. Fyrir alllöngu átti að fjarlægja hann vegna vegagerðar og stóð til að kljúfa hann í sundur. Þegar búið var að höggva í hann allmargar holur varð einn verkamaðurinn fyrir slysi. Þá lögðu menn saman tvo og tvo og hættu við frekari framkvæmdir.

**Fyrir** um 7200 árum varð mikið eldgos í Búrfelli, sem er í landi Garðabæjar aust-suðaustur frá Hafnarfirði. Hraunið (sem heitir ýmsum nöfnum) rann til sjávar í Hafnarfjörð og Skerjafjörð og að Lambhúsa-tjörn gegnt Bessastöðum. Þar heitir það Gálga-hraun. Hraunsholtslækur, sem kemur úr Vífilsstaðavatni rennur meðfram hrauninu.

**Gamla** gatan frá Bessastöðum í áttina að Kópavogi er skýr, þar sem hún liggur um Gálghraun, troðin fótum manna og hesta í aldaráðir. (Kristján Eldjárn forseti nefndi götuna Fögetagötu). Á einum stað við götuna standa tveir, stakir klettar með nokkru bili á milli. Heita þeir Gálgaklettar. Nafnið eitt segir sitt og ástæðulaust að vefengja það þó ekki sé vitað um skjalfestar aftökur á þessum stað. En dyflissa var á Bessastöðum og föngum, sem þar biðu dóms var engin miskunn sýnd, ef valdsmönnum bauð svo við að horfa. Jón Hreggviðsson, aðalpersónan í Íslandsklukku Halldórs Laxness, sat þar í jörnum í 18 vikur árið 1684. Þaðan tókst honum að strjúka. Komst

hann um borð í hollenskt skip og bjargaði með því höfði sínu undan exi böðulsins.

**Ísland** er snautt af minjum frá fyrri tíð. Gamlar götur má telja til slíkra minja. Götuspottinn um Gálgahraun er af þeim toga. Okkur ber því skylda til að varðveita hann og friðlýsa.

**Þessum** fyrsta áfanga Lýðveldisgöngunnar lýkur svo í Garðabæ við brúna þar sem Hafnarfjarðarvegurinn liggur yfir Hraunsholtslæk.

**Þótt** gangan sé stutt hefur fengist örlitil innsýn í líf og örlög forfeðra okkar. Vonandi vekur það forvitni og löngun til frekari fróðleiksleitar. Það er áhugavert, langtíma markmið.

(Aðalheimild: Landið þitt, Ísland).

Tómas Einarsson,  
Bollagötu 6 s. 20596